

Gátlisti fyrir meðferð á meðferðarstöðinni Vík

Velkomin(n,ð) á meðferðarstöðina Vík.

Okkur langar að biðja þig að hafa eftirfarandi í huga:

- Karla- og kvennameðferðirnar á Vík eru aðskildar, þar á meðal reykingasvæði og útivist. **Samskipti milli kynja eru ekki leyfð og gæti leitt til brottfarar frá Vík.**
- Á Vík sýnum við öllum virðingu, bæði starfsfólki og meðferðarfélögum.
- Það er skylda að mæta í alla dagskráliði á daginn og um helgar.
- Farið er með rútu frá Vogu á Vík á þriðju- og fimmtudögum. **Mæting er á Vog kl. 08:30 að morgni og brottför kl. 09:00. Mikilvægt er að ræða við ritara fyrir brottför.** Sama bifreið keyrir til baka á Vog. Ekki er hægt að koma á eigin bifreið.
- Kostnaður fyrir mánuð á Vík er 159.000,- með öllu inniföldu (fæði, húsnæði og fari til og frá Vík). **Mikilvægt er að greiða gjaldið áður en farið er á Vík.** Hægt er að greiða hjá riturum á Vogu við brottför eða millifæra í heimabanka og sýna kvittun fyrir greiðslunni við innskráningu á Vík og senda kvittun á rakel@saa.is með nafni viðkomandi í skýringu.
 - Bankaupplýsingar:
 - Banki **0114** – Höfuðbók **26** – Reikningsnúmer **7326**
 - Kennitala: **671077-0169**
 - **Gjald fyrir fjórar vikur:** 159.000,-
 - **Gjald fyrir tvær vikur:** 81.500,-

Á Vík þarft þú að hafa með þér:

- Föt til 28 daga dvalar, inni- og útifatnað, inni- og útiskó. Þvottahús er á staðnum
- Handklæði og vekjaralukku
- Lyf fyrir að minnsta kosti 28 daga
- Lyfjabox fyrir viku í senn
- Hreinlætisvörur (er einnig selt á staðnum)
- Afþreyingarefni

Annað sem mikilvægt er að hafa í huga:

- Heimsóknir á Vík eru aðeins fyrir maka/náin skyldmenni eða þá sem þú telur styðjandi í batanum
 - Heimsóknartímar eru á sunnudögum (14:00-15:30 hjá konum, 15:30-17:00 hjá körlum)
- Meðferðarstöðin leggur til sængurföt
- Kortasími er á staðnum en ef þú vilt taka með GSM síma er hann geymdur í verðmætageymslu, símatímar eru 2x á dag. Mundu eftir að taka hleðslutæki
- Á Vík er lítil „sjoppa“. Hægt er að kaupa hreinlætisvörur, gos, sælgæti, bækur, ritföng og símakort sömu gerðar og á Vogu. Ekki er heimilt að láta senda sér sælgæti eða aðrar matvörur

- Hægt er að nota debet – og kreditkort í sjoppum
- Tóbak og innisglaðar rafrettur eru leyfðar utandyra. Það er ekki selt á staðnum
- Ekki er hægt að hringja beint í þig á Vík. Starfsmenn taka við skilaboðum í neðangreindum vaktsíma frá þeim sem hringja. Endilega láttu starfsmenn vita ef þú vilt ekki fá skilaboð frá einhverjum
- Ekki er leyfilegt að taka með útvarp, hljóðfæri, tölvur, vasahljómflutningstæki, lyftingarlóð eða önnur slík tæki eða búnað
 - Lyftingaraðstaða er á staðnum
 - Leyfilegt er að taka lesbretti og/eða Ipod sem ekki tengist í gegnum netið

Pakka- og peningasendingar þurfa að fara um Íslandspóst. Póstfangið á Vík er:

Meðferðarstöð SÁÁ
Vík- Kjalarnesi
162 Reykjavík

Ef um lyf, tóbak eða nauðsynjar eru að ræða má fara með pakkann á Vog og starfsmaður kemur því á Vík.

Vakt síminn á Vík er: **kvennameðferð 824 7626** og **karlameðferð 824 7633**.

Við hlökkum til að fá þig til okkar.

Með kærri kveðju,

starfsfólkið á Vík.